

Þegar sjálfan mætir á safnið

AF LISTUM

Anna Jóa
annajoa@hi.is



Víðamiklar innsetningar hafa verið áberandi í listasöfnum og á listahátíðum víða um heim á síðustu árum enda hafa slík verk oft mikið aðdráttarafl. Undanfarnar vikur hefur fólk flykkst í Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi við Tryggvagötu. Í húsinu er fjöldi góðra og áhugaverðra verka en sýningin sem heilu barnafjölskyldurnar streyma nú á, og sumir hafa staðið í biðröð til að sjá, er innsetning Hrafnhildar Arnardóttur/Shoplifter, *Chromo Sapiens*. Verkið var framlag Íslands til Fenejtvátværingisins á síðasta ári og vakti þar talsverða athygli, bæði í listheiminum og ekki síst á samfélagsmiðlum. Innsetningar ganga út á að skapa heildarand-rúmsloft í afmörkuðu rými sem sýningargestum er boðið að skynja á sinn hátt. Söfn geta vissulega verið sérstakur staður sjálfsuppgötvunar en að undanförunu hefur þátttaka áhorfandans í vaxandi mæli einkennst af stafrænni skrásetningu og miðlun á eigin reynslu: listasafnið er þannig orðið að vinsælum stað sjálfunnar – og sýnist sitt hverjum í þeim efnun.

Stafræn listreynsla

Mikil umræða hefur skapast um áhrif þessarar nýju listreynslu á



Í *Chromo Sapiens* „Þegar vel til tekst getur sjálfan orðið „fkonísk“ – en slær hún við listaverkinu í bakgrunni?“

Ljósmynd/Hildur Inga Björnsdóttir

starfsemi og hlutverk safna. Í vef-tímaritinu *Dazed* birtist til að mynda í fyrra grein um það hvort banna skyldi ljósmyndun í söfnum: „Should we ban taking photos and selfies in museums and galleries?“ Þeirri spurningu er velt upp hvort sú iðja að birta sjálfur („selfies“), þ.e. myndir

sem fólk tekur af sjálfu sér í ákveðnu umhverfi, í þessu tilviki á söfnum og sýningarstöðum, snúist ekki svo mikið um að njóta listar, heldur fremur um að sviðsetja reynsluna af því að vera í nærveru frægra eða umtalaðra verka. Sú reynsla kann að tengjast félagslegri og menningarlegri stöðu einstaklinga í leit að stafrænni viðurkenningu. Ljóst er að handhæg snjalltæki hafi breytt reynslu margra af menningu og listviðburðum. Fleiri geta fylgst með og tjáð sig á netinu um það sem söfn hafa fram að færa, og dregið hefur úr áhugaleysi um eða „óttá“ við söfn og list sem „hámenningu“. Í fyrrnefndri grein kemur fram að söfnin sjálf, sem oft eru undirfjármögnuð, njóti aukinna tekna og nýrra hópa safngesta og að með því að segja gestunum að skjágláp byrgi sýn á listaverkið, eigi þau á hættu að styggja stóra hópa (og fylgjendur þeirra á samfélagsmiðlum). En er ekki hætt við að hin miðlaða sýn á listaverk deyi viðbrögð fólks við verkunum sjálfum?

Ríkislistasafnið í Amsterdam, Rijksmuseum, hefur tekið skýra afstöðu gegn ljósmynduðum og með listaverkinu. Ólíkt öðrum stórum listasöfnum, sem nýlega hafa aflétt myndavélabanni, hefur Rijksmuseum latt gesti til myndatöku á þeim forsendum að í heimi farsíma og snjalltækja sé heimsókn á safn orðin að passifri og yfirborðslegri reynslu. Safnið er meðal fjölsóttustu listasafna heims (með ríflega tvær milljónir gesta árið 2018) og hefur lýst áhyggjum af markaðsvæðingu listarinnar og heilu sýninganna á kostnað sögulegrar og félagslegrar merkingar og jafnframt listrænna áhrifa verkanna. Sérstakt áhyggjuefni er stutt viðdvöl safngesta við einstök listaverk, eins og rannsóknir hafa staðfest. Fyrir nokkrum árum hóf safnið því áhugaverða tilraun undir myllumerkinu #hierteekenen, eða „teiknaðu“ þar sem safngestir eru hvattir til að staldra við einstök verk með pappír og blýant í hendi og skissa upp stök verk sem fanga athyglina. Teiknigeta sé aukaatriði því að meiru skipti gildi þess skynræna ferlis sem felist í því að stúdera verk í samhæfingu sjónar, huga og handar. Segja má að með því að skissa listaverk slái safngestir tvær flugur í einu höggi og myndi sérstök tengsl við listaverk sem og tengsl við sína eigin, virku listreynslu, á óvæntan og skapandi hátt. En er sú iðja að taka myndir af listaverkum, og þá sérstaklega sjálfuskot, óvirk listreynsla sem smættar merkingu listaverka? Eða geta sjálfur verið skapandi og merkingarbær listþátttaka?

Listin eða listasjálfan?

Ljóst er að fólk tjáir gjarnan hrifningu sína af verki með því að taka myndir, og þá gjarnan sjálfur, til að sýna öðrum. Sjálfur eru líka



Augnablik fangað Gabriel Dawe, höfundur hins 14 metra háa, regnbogalitaða þráðaverks Plexus A1, gladdist yfir vinsældum verksins á Instagram.

eins fjölbreyttar og þær eru margar; þær geta verið myndar, listrænar, frumlegar. Umfangsmiklar innsetningar sem fjalla um reynslu áhorfandans „sem sér sig (og aðra) sjá“, og tröllriðið hafa safnaheiminum, ýta líka undir löngun til að taka sjálfur. Sú gagnrýni hefur heyrst að slíkar innsetningar séu stundum lítið annað en innantóm skemmtun. Í grein sem birtist í *Washington Post* árið 2016 er fjallað um skyndilega frægð Renwick Gallery á samfélagsmiðlum í kjölfar nýlegrar enduroppunar sýningarrýmisins í Smithsonian-safninu í Washington DC. Aðsóknartölur safnsins höfðu þá rokið upp með opunarýningunni *Wonder* sem fól í sér tilkomumiklar innsetningar ýmissa samtímalistamanna og á aðeins sex vikum fór gestafjöldi yfir þrjár milljónir. Meðalaðsókn á ári hafði fram að því verið um 150 þúsund manns. Að sögn sýningarstjórans, Nicholas Bell, hvatti safnið til ljósmyndunar en þó hafi fjöldi safngesta (sem margir höfðu ekki einu sinni vitað af tilvist safnsins áður) og viðbrögð þeirra komið á óvart. Safnið hafi verið myllumerkt á netinu út í hið óendanlega í myndbirtingum lífsstíls- og tískubloggara, jóga-íðkenda, brúðhjóna og annarra sem þar hafi fundið hinn fullkomna bakgrunn listasjálunnar. Bell viðurkennir að sjálfu-æðið hafi ýmsa kosti í för með sér fyrir safnið; hann hafi áður horft upp á frábærar sýningar í safninu fara algjörlega framhjá fólki. Starfsemi safnsins geti að vísu ekki hverfst um að setja stöðugt upp stórar innsetningar. Sjálfan sé hins vegar orðin stór þáttur í nýrri sjálfsmýnd safnsins. En eftir stendur spurningin um hvort skipti meira máli: listin sem fólk kemur til að sjá, eða það að ljósmynda hana í þeim tilgangi að birta eigin afurðir á netinu?


Skoða fyrst, mynda svo

Nokkuð hefur verið fjallað um niðurstöður sálfræðirannsóknar

Lindu Henkel frá 2013 sem bendir til þess að ljósmyndun listaverka á safni geri þau auðgleymanlegri. Má þar benda á greinina „To Instagram or Not to Instagram?“ í *Hyperallergic* frá sama ári. Með því að horfa í gegnum lítinn skjá fari fólk á mis við áferð og blæbrigði listaverka, sérstaklega þegar fólk er upptekið af því að sýna öðrum athafnir sínar á samfélagsmiðlum (ekki er þó mælt gegn því að taka nærmyndir af verkum eins og undirrituð gerir raunar oft í þeim tilgangi að skerpa á minninu). Í viðtalinu í *Washington Post* segist einn listamannanna á *Wonder*, Gabriel Dawe, höfundur hins 14 metra háa, regnbogalitaða þráðaverks „Plexus A1“, glöðjast yfir vinsældum verksins á Instagram. Hann telur hins vegar óhjákvæmlegt að sýningar-gestir myndi raunveruleg tengsl við verkið enda sé nærvera þessa umfangsmikla og lítrika verks sterk. Síammyndir grafi ekki undan slíkum tengslum, heldur séu þær einfaldlega leið til að fanga augnablikið. Viðhorf Dawe er skiljanlegt, sýnileiki verka listamanna á samfélagsmiðlum getur vakið athygli á þeim, og kveikt áhuga á að fara og sjá verkið með eigin augum. Hætt er þó við því að mikið magn af endurtekningarsömum sjálfum geti virkað fráfelandi og sumum finnst þeir þegar hafa séð nóg. Í öllu falli hlýtur það að vera grundvallaratriði á sýningum að leyfa listaverkum – stórum sem smáum – að orka á sig dágóða stund áður en síminn er dreginn upp.

Samfélagsmiðlar og almenn fjölmiðlaathygli hefur leitt fjölda fólks á *Chromo Sapiens* í Hafnarhúsinu. Margir vita því nokkurn veginn að hverju þeir ganga og því spurning hversu mikla „undrun“ verkið getur vakið. Flestir vilja þó láta reyna á það á eigin skinni, sem hlýtur að teljast jákvætt. Áhrif hinna alltumlykjandi innsetningar eru enda ótvíræð og áferð verksins og mismunandi blæbrigði þess fara ekki framhjá





Ljósmynd/Anna Jóa

Mannþröng Röðin hlykkjast í átt að áskjósanlegu sjónarhorni á konuna í glerbúrinu, Monu Lisu eftir Leonardo da Vinci í Louvre-safninu.

neinum. Ýmsar vangaveltur liggja verkinu til grundvallar en að sögn listamannsins er kjarni þess einfaldlega að örva og gleðja. Gengið er inn í þrískiptan helli og felur sú ferð í sér vissa skynfrásögn.

Dularfull tónlist hljómsveitarinnar HAM og lýsingin eiga þátt í að skapa sérstakt andrúmsloft. Veggir eru klæddir litríku gervihári og minna rýmin á dropasteinshella eða innviði líkamans en áferðin, malerísk myktin og litadýrðin skírskota einnig til afstraktmálverksins. Þekkt dæmi eru um listmálara sem unnið hafa með skynræna eiginleika lita í verkum sínum, ekki síst í sambandi við tónlist. Chromo þýðir litur, enda vísar yfirskrift innsetningar Hrafnhildar til mikilvægis litaskynjunar í sýningarreyrslunni, eða eins og sýningarstjórinn Birta Guðjónsdóttir orðar það: „Maður gengur inn í verkið sem Homo Sapiens en gengur út sem Chromo Sapiens“ – hvort sem maður heldur á snjallsíma eða ekki.

Sjálfsmyndun samtímans

Ýmislegt bendir til að „listasjálfur“ í anda þeirra sem margir freistast eflaust til að taka í *Chromo Sapiens* – og hafa gaman af – snúist ekki endilega um yfirborðslega skemmtun eða sjálfhverfu. Árið 2017 birtust niðurstöður rannsóknar í *Frontiers in Psychology* þar sem sjónum var beint að þeirri löngun að

» Ýmislegt bendir til að „listasjálfur“ í anda þeirra sem margir freistast eflaust til að taka í „Chromo Sapiens“ – og hafa gaman af – snúist ekki endilega um yfirborðslega skemmtun eða sjálfhverfu.

ramma inn sjálfíð í formi ljósmyndar til að deila með öðrum netverjum sem mikilvæga endurspeglun samtímasjálfsins – og sem leið til að skapa frásagnir um okkur sjálf í samhengi safnsins og þann samruna listar, sögu og menntunar sem þar á sér stað. Inn í slíka sjálfsmýnda- og minningasköpun blandist ýmsir þættir er tengist m.a. líkamanum, menningarlegum athöfnum, samþömun og félagsvenjum – og þörf fyrir fagurfræðilega ánægju þar sem samræmi og sjónrænir eiginleikar listaverka séu hagnýttir til að miðla jákvæðri mynd. Í slíkum ferlum geti safnasjálfan afhelgað safnið og fært það inn í hversdagsleikann um leið og hinn „menningarlega sinnaði“ einstaklingur nýtir sér áru mikilvægra listaverka í sviðsetningu sinni. Þegar vel til tekst getur sjálfan orðið „íkonísk“ – en slær hún við listaverkinu í



Myndabann? Áberandi skilti á framhlið Ríkislistasafnsins í Amsterdam sem gefur til kynna bann (sem þó er ekki raunverulegt) við ljósmyndun um leið og gestir eru hvattir til að teikna í safninu. Ljósmynd af vef Rijksmuseum.

bakgrunni? Málverk Leónardós da Vinci, Móna Lísu eða La Gioconda eins og þetta frægasta málverk heims hefur einnig verið kallað, vekur óneitanlega áleitnar spurningar þegar kemur að safnasjálfunni.

Tvær frægar

Heimsókn bandarísku söngkonunnar Beyoncé og fjöskyldu hennar

á Louvre-safnið í París árið 2014 og dvöl hennar við Mónu Lísu fór ekki framhjá umheiminum. Ein Instagram-sjálfaða sem hún birti fékk tæplega 840 þúsund „læk“. Þegar undirrituð heimsótti Louvre síðastliðið sumar og hugðist rifja upp kynnin við þetta djásn safnsins, lenti hún í gríðarmiklum straumi gesta sem beint var um ganga og stiga

safnsins vegna tímabundinnar staðsetningar verksins innan um málverk Rubens í Galerie Médicis í Richilieu-vængnum. Í Médicis-salnum stóðu svo gestir í langri, hlykkjóttri röð af því tagi sem sést við innritun á flugvöllum á álagstímum og í fjölsóttum skemmtigörðum. Hvarvetna á leiðinni brosti fjölföldu Móna Lísu spök við gestum, ýmist á veggjum með pílu eða, þegar nær dró, á skjám ótal snjalltækja.

Þegar á hölminn var komið gafst hverjum gesti í röðinni aðeins andartak fyrir framan La Gioconda þar sem glitti í hana pollrólega og undarlega fjarlæga í skotheldu glerkríni, á bak við mannmergðina og afleiddar skjámyndir sínar. Mitt í þessum farsakenndu aðstæðum velti ég því fyrir mér hversu margir reyndu að horfa á verkið sjálft, og hefðu yfirhöfuð áhuga á því. Greinarhöfundur *New York Times* („What the Mona Lisa Tells Us About Art in the Instagram Era“, 2018), Scott Reyburn, virtist hitta naglann á höfuðið: Mónu Lísu-reynslan – í stafrænt miðlaðri sjónmenningu samtímans – hverfist um stafræna ljósmyndun fremur en það að horfa á málverkið. Raunar telur hann verkið hætt að vera til sem upprunalegt listaverk, það sé orðið að hugmynd og góðu myndatækifæri. Hann klykkir út með spurningunni: „Hvað getur talist samtímalegri leið til að sjá?“ Spyrja má hvað það segi um samtímann. Móna Lísu virðist heillum horfin og við þurfum á ljósmynd að halda til að skoða verkið „í reynd“. Hægt er að þysja inn á stafræna útgáfu hennar á netinu og skoða smáat-ríði verksins í háskerpu, en það er allt önnur reynsla en að standa „auglitis til auglitis“ við verkið og ráða í dulúðugt brosið. Þess má geta að mér gafst hins vegar þrýðilegt næði til rólta um aðra sali Louvre og njóta þessa stórkostlega safns án teljandi truflana eða þrengsla.

Í dag, fimmtudag, er síðasti sýningardagur Chromo Sapiens í Listasafni Reykjavíkur.